

ÁBYRGAR FISKVEIÐAR SES



CERTIFIED

Ábyrg stjórnun fiskveiða

Staðall fyrir vottun á rekjanleika

Tæki sem nota má að eigin vali á mörkuðum
fyrir vottaðar sjávarafurðir

Eftirlitsskjal, endurskoðun 3.0	
Samþykkjandi	<i>Frimur f.</i>
Heimildardagsetning	<i>12. febrúar 2019</i>
Dagsetning gildistöku	<i>29. mars 2019</i>
Ábyrgðarskjal – ekki má afrita eða breyta Copyright Ábyrgar fiskveiðar ses	

FYRIRVARI: Þetta skjal er þýðing á staðli sem upprunalega var ritaður á ensku. Enski textinn er grundvöllur faggiltrar vottunar í umsjón Global Trust Certification Ltd. á Írlandi. Ef misräemi reynist milli ensku og íslensku útgáfunnar þá gildir enska útgáfan.

Innihald

	Síða
Formáli	4
Meginatriði ferlisins	5
Yfirlit yfir ferli fyrir rekjanleikavottun, byggt á FAO	8
Skilyrði fyrir staðal um rekjanleikavottun	11
1.0 Almennar reglur um rekjanleika á uppruna	11
2.0 Rekjanleiki innan aðfangakeðjunnar	12
3.0 Rekjanleiki og merkingar	13
4.0 Þjálfun	14

Formáli

Þessi stðall er hluti af verkefninu um ábyrga fiskveiðistjórnun sem er byggt á siðareglum FAO frá 1995 um ábyrgar fiskveiðar og leiðbeiningar frá FAO um umhverfismerkningar fiska og fiskafurða úr sjávarafla sem tóku gildi árið 2005 og voru endurbættar/auknar árið 2009. Þær eru síðan byggðar á nágildandi alþjóðasamningum sem fjalla um fiskveiðar, einkum hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1982, samningi um verndun og stjórnun fiskistofna frá 1995 og tengdum skjölum, m.a. Reykjavíkuryfirlýsingunni um ábyrgar fiskveiðar í vistkerfi sjávar frá 2001 svo og öðrum viðkomandi skjölum frá ISO og öðrum aðilum.¹

Staðallinn er í eigu Ábyrgra fiskveiða, ses.

Verkefnið skiptist í two **samstæða hluta:**

- Staðal fyrir ábyrga fiskveiðistjórnun.
- Staðal fyrir vottun á rekjanleika.

Vottunin um rekjanleika er bein afleiðing af viðræðum um fyrirbyggjandi aðgerðir og samskiptum við framleiðendur, vinnslustöðvar, markaði, eftirlitsaðila og stöðlunar og vottunarsérfræðinga.

Vottunarverkefnið er byggt á alþjóðlegum, faggiltum stöðlum, ISO/IEC 17065:2012 þannig að tryggt er að vottunarferlið sé samræmt, hæft og óháð.

Faggilding vottunar af hálfu vottunaraðilans samkvæmt ISO/IEC 17065:2012 stöðlunum sem framkvæmd er af Irish National Accreditation Board (INAB), sem er aðili að alþjóðasamtökum faggildingaraðila (International Accreditation Forum), veitir verkefninu viðurkenningu á alþjóðamarkaði og tryggir að afurðir sem hljóta vottun samkvæmt verkefninu njóti viðurkenningar í samræmi við viðurkenndan staðal. Sýna þarf fram á aðlögun að staðlinum í gegnum strangt ferli sannprófunar og mats sem framkvæmt er af hæfum þriðja vottunaraðila.

Tilgangur staðalsins er að útvega fiskiðnaðinum skýra yfirlýsingum um þær kröfur sem umsækjendur þurfa að uppfylla til að hljóta „vottun um rekjanleika“. Vottun í samræmi við kröfur staðalsins gefa til kynna skuldbindingu um að leyfisbundin notkun auðkennis um vottun muni gefa viðskiptavinum og neytendum upplýsingar um uppruna íslensks fisks.

¹ Þróun fyrstu gerðar af þessum staðli var gerð möguleg af Fiskifélagi Íslands (FÍ). FÍ var stofnað árið 1911. Eftirfarandi (frjáls) félagasamtök eru aðilar að FÍ: Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS), Landssamband smábátaeigenda (LS), Sjómannasamband Íslands (SSÍ), Starfsgreinasamband Íslands (SGS), Félag vélstjóra og málmtæknimanna (VM), Félag skipstjórnarmanna (FSSÍ).

Sérstakt auðkenni vottunar hefur verið þróað sem nota má til að gefa til kynna að afurð sem er vottuð í samræmi við staðal um rekjanleika og sé hluti af verkefninu um ábyrga fiskveiðistjórnun.

Kröfurnar um rekjanleikavottun verða sífellt endurskoðaðar og endurbættar í gegnum fyrirkomulag verkefnisins til að tryggja að þær þjóni áfram þörfum bæði hagsmunaaðila og neytenda.

Meginatriði ferlisins

Til þess að hljóta vottun samkvæmt rekjanleikastaðlistaðli Ábyrgra fiskveiða (IRFM) þurfa umsækjendur að sýna fram á að þeir uppfylli kröfur staðalsins eftir úttekt og óháð mat sem framkvæmt er af viðurkenndum, faggiltum vottunaraðila.

Vottunaraðilinn skal vera viðurkenndur og faggiltur í samræmi við ISO/IEC 17065:2012 (Conformity assessment - Requirements for bodies certifying products, processes and services) af faggildingaraðila sem er meðlimur í Alþjóðasamtökum faggildingaraðila (IAF).

Hinn tiltekni vottunaraðili skal útbúa samkomulag milli umsækjanda og vottunaraðilans þar sem koma fram kröfur og skuldbindingar sem umsækjandinn skal uppfylla og taka á sig.

Markmiðið með vottun um rekjanleika er að tryggja að merking um vottun á sjávarafurð gefi til kynna að afurðin eigi uppruna sinn úr IRFM vottuðum veiðistofni.

Þar sem þess er þörf innan aðfangakeðjunnar verða sérstakar túlkanir á kröfum í staðlinum um rekjanleika til að tengja þær við ákveðna þætti í greininni til dæmis framleiðslu, vinnslu, dreifingu og sölu sjávarafurða.

Skilgreiningar

Rekjanleiki (skilgreining FAO): Aðgerðir sem eru skipulagðar til að ábyrgjast að sjávarafurðin sem sett er á markað og er með umhverfismerkingu sé í raun og veru afurð með tilgreindan uppruna og komi úr tilteknum vottuðum veiðistofni. Aðgerðirnar ná þannig yfir feril/rekjanleika sjávarfangs í gegnum vinnslu, dreifingu og markaðssetningu þess og einnig réttan feril þeirra skjala og eftirlits varðandi það magn sjávarfangs sem um ræðir.²

Umsækjandi: Fyrirtæki eða hópur fyrirtækja í aðfangakeðjunni sem hefur formlega sótt um vottun á rekjanleika á formlegu umsóknareyðublaði.

Vottaðar veiðar: Veiðar sem hlotið hafa óháða vottun um að þær uppfylli fiskveiðistjórnunarstaðal Ábyrgra fiskveiða (IRFM)".

Vottaður fiskur og aðrar sjávarafurðir: Fiskur og aðrar sjávarafurðir sem eiga uppruna sinn í vottuðum veiðum.

Staðall fyrir vottun á rekjanleika: Listi yfir kröfur sem umsækjandinn þarf að uppfylla til að geta lýst sig vottaðan í samræmi rekjanleikastaðal og/eða hagnýtt sér þá yfirlýsingu.

Vottuð virðiskeðja: Umsækjandi sem er fyrirtæki eða hópur fyrirtækja í virðiskeðjunni sem getur sýnt fram á að öll þrep í keðjunni nái aftur til hinna vottuðu veiða.

Auðkenni vottunar: Auðkennandi merki eða yfirlýsing sem staðfestir að fiskurinn er fenginn úr vottuðum veiðum og er rekjanlegur til þeirra.

Skráningarnúmer vottaðs rekjanleika: Skráningarnúmer sem gefið er út af vottunaraðilanum til hvers fyrirtækis sem hlotið hefur vottun samkvæmt IRFM-rekjanleikastaðli Ábyrgra fiskveiða.

þrep: Tiltekinn staður fyrir meðhöndlun/flutning í virðiskeðjunni, t.d. veiðiskip, þökkun, vinnsla, dreifing, sala.

Fyrirtæki með margar starfstöðvar: Fyrirtæki sem eru með fleiri en eina starfstöð undir beinni stjórn sinni og sækir um vottun fyrir þessar starfstöðvar.

Fyrirtæki með eina starfstöð: Fyrirtæki með eina starfstöð sem sækir um vottun samkvæmt þessum staðli.

Undirverktaki: Þriðji aðili eða hlutdeildarfélag sem er tilnefnt til að taka að sér verk fyrir fyrirtækið (þar með taldir vinnsluaðilar samkvæmt samningi, þökkunaraðilar, merkingaraðilar og önnur vinnslufyrirtæki).

þjónustuveitandi: Þriðji aðili eða hlutdeildarfélag sem er tilnefnt til að taka að sér verk fyrir fyrirtækið (þar með talin flutningafyrirtæki, dreifingarfyrirtæki og aðrir geymsluaðilar).

Valkostir vottunar

Vottun fyrir eina starfstöð: Þessi vottun á við um öll fyrirtæki sem eru á einum stað sem meðhöndla og versla með afurðir sem eru í samræmi við 1. til 4. hluta þessa IRFM-staðals um rekjanleika.

Vottun fyrir margar starfstöðvar: Þessi vottun á við um öll fyrirtæki með margar starfstöðvar sem meðhöndla og versla með afurðir þar sem fyrirtækið er ekki með tilgreinda miðlæga stjórnstöð. Í þessu tilfelli er hver staður innan marka staðalsins í samræmi við 1. til 4. hluta þessa IRFM-staðals um rekjanleika.

Vottunaraðilinn gerir sérstaka úttekt á hverjum stað. Einn CoC kóði og vottunarskírteini eru gefin út þar sem skilgreindir eru allir staðir innan végbanda fyrirtækisins.

Yfirlit yfir ferli rekjanleikavottunar

Vottunarferlið um rekjanleika er í höndum óháðs vottunaraðila með ISO faggildingu sem tilgreind er á vefsíðu Ábyrgra fiskveiða, www.responsiblefisheries.is.

Vottunarferlið skiptist í allmög aðskilin stig sem er lýst hér að aftan.

1. stig. Beiðni um upplýsingar

Beiðni getur komið fram um upplýsingar frá væntanlegum umsækjanda í virðiskeðjunni. Umsækjandi gæti verið:

- Vinnsluskip eða hópur vinnsluskipa;
- Frumvinnsla;
- Áframvinnsla;
- Sölu- og markaðsfyrirtæki;
- Markaðurinn: dreifingarfyrirtæki, smásala, veitingastaður.

Umsækjendur geta farið fram á upplýsingar frá eiganda staðalsins eða vottunaraðilanum um vottunarferlið, kröfur staðalsins, kostnað við úttekt og tímasetningar til að öðlast vottun.

Umsækjendum er bent á að bera sig sjálfa saman við staðalinn til að ganga úr skugga um hve reiðubúnir þeir eru fyrir ytri úttekt.

Umsækjendum er bent á að upplýsingar sem þeir kunna að gefa vottunarstofnuninni verða trúnaðarmál.

Það er ekki krafa fyrir flutnings- eða geymslu/dreififyrtæki að hafa vottun samkvæmt IRFM staðlinum um rekjanleika þar sem þessi fyrirtæki eru flokkuð sem einingar í aðfangakeðjunni sem stjórna ekki beint eða sjá aðeins um geymslu og dreifingu í umbúðum eða gánum sem koma í veg fyrir að átt sé við vottaðar sjávarafurðir.

2. stig. Útfylling á umsóknareyðublaði

Ef fyrirtækið óskar þess að halda áfram með umsóknina er þess óskað að það veiti vottunaraðilanum formlega upplýsingar um atriði er varða meðferð hans á afurðum og fyrri aðfangakeðju og noti til þess umsóknareyðublaðið um rekjanleika.

Fyrirtæki með eina starfstöð eða fleiri geta lagt fram umsókn.

Þegar formlegt umsóknareyðublað hefur borist vottunaraðila þá fær umsækjandinn úthlutað einkvæmu númeri fyrir rekjanleika.

3. stig. Vottunaraðili undirbýr matsáætlun

Sérhvert fyrirtæki og aðfangakeðja þess er einstakt og þess vegna mun vottunaraðili setja saman viðeigandi matsáætlun til að sannreyna rekjanleikann á afurð umsækjandans og aðfangakeðju hennar sem var sérstaklega tilgreint á umsóknareyðublaði þess.

Fyrirtækið skal sýna fram á getu sína til að rekja afurð til uppruna sem hlotið hefur IRFM vottun fyrir fiskveiðarnar eða samkvæmt rekjanleikastaðli Ábyrgra fiskveiða.

Vottunaraðili útvegar umsækjanda matsáætlun og yfirlit yfir matskostnað sem byggð er á þeim upplýsingum sem fram koma á umsóknareyðublaðinu.

4. stig. Mat

Matið á framleiðslustað/stöðum umsækjandans er framkvæmt af óháðum matsaðila sem er viðurkenndur af vottunaraðilanum og starfar á hans vegum. Matið fer fram miðað við IRFM-staðalinn um rekjanleika.

Það er á ábyrgð umsækjanda að tryggja að upplýsingar sem gefnar eru á umsóknareyðublaðinu séu réttar og nákvæmar þannig að matsáætlunin sé til samræmis við þær.

Úttektarmður vottunaraðilans framkvæmir matið á óháðan, faglegan og tillitssaman hátt.

Meginatriðin í staðlinum á rekjanleika eru kröfur um eftirfarandi:

- Kerfi fyrir auðkenningu á afurð;
- Kerfi fyrir rekjanleika;
- Kerfi fyrir aðskilnað.

5. stig. Vottunarskýrsla

Meðan á matinu stendur skal úttektarmaðurinn semja skýrslu um hvort umsækjandi stenst/stenst ekki kröfulýsingum um rekjanleika.

Úttektarmaðurinn gæti þurft að túlka einstakar greinar til að tryggja að þær eigi við um ólíka þætti í virðiskeðjunni, til dæmis pökkun, vinnslu, dreifingu og sölu sjávarafurða.

Úttektarskýrslan tilgreini allt ósamræmi við IRFM rekjanleikastaðalinn. Fyrirtækið skal sýna vottunaraðilanum staðfestingu á aðgerðum til úrbóta á öllu ósamræmi innan 28 almanaksdaga.

6. stig. Ákvörðun um vottun

Úttektarkýrsla umsækjandans og allar nauðsynlegar aðgerðir til leiðréttингar eru lagðar fyrir vottunarnefnd til úrskurðar um vottun.

Í vottunarnefndinni sitja aðilar sem hafa jafn mikla hæfni og úttektarmaðurinn og með sérþekkingu á vottun.

7. stig. Vottun

Þegar vottun hefur verið samþykkt skal fyrirtækinu berast tilkynning þar um innan 10 virkra daga frá ákvörðuninni um vottun. Í kjölfarið á þessari vottun skal vottunarskírteini gefið út fyrir fyrirtækið.

Skírteinið er áfram í eigu vottunarstofnunnar og umsjón og framkvæmd á stöðu vottunarskírteinis skal vera til staðar.

Skírteini eru gild í þrjú ár og fer viðhaldsvottun fram árlega, að undanteknum sölu- og markaðsfyrirtækjum (söluaðilum) sem skulu hlíta viðhaldsvottun á 18 mánaða fresti.

Vottun helst í gildi ef til staðar eru efnislegar og frambærilegar staðfestingar á að umsækjandi uppfylli áfram viðmiðanir viðkomandi staðals. Staðfesta skal að allt ósamræmi hafi verið lagfært með hlutlægum sönnunargögnum innan skilgreindra tímamarka.

Fyrirtækið skal fá vottun fyrir starfsstöð/starfsstöðvar sínar ef það uppfyllir IFRM-staðalinn um rekjanleika.

8. stig. Aðgengi að auðkennismerki/yfirlýsingu

Fyrirtæki með IFRM vottun um rekjanleika geta sótt um leyfi til að nota auðkennismerki vottunar til eiganda staðalsins.

Áfrýjun

Fyrirtækið hefur rétt til að áfrýja ákvörðun vottunaraðilans um vottun. Beiðni um áfrýjun þarf að leggja fram skriflega innan sjö daga frá ákvörðuninni um vottun.

Framkvæmdastjóri vottunaraðilans mun gefa út ítarlegt svar, óháð matsaðilanum og vottunarnefndinni.

Aðrar upplýsingar

Nánari upplýsingar um umsóknina, reglur og reglugerðir, eru fáanlegar frá eiganda staðalsins eða vottunaraðilans:

Ábyrgar fiskveiðar ses
Borgartún 35,
105 Reykjavík,
Ísland
www.responsiblefisheries.is

SAI Global/Global Trust Certification Ltd.
Quay Street Business Park,
Dundalk,
Írland

Kröfur staðals um rekjanleikavottun

Staðallinn fjallar nánar um þær kröfur sem þarf að votta að séu til staðar til að tryggja að sjávarafurðin sem sett er á markað og er með umhverfismerkinguna um tilgreindan uppruna sé raunverulega afurð með tilgreindan uppruna og komi úr vottuðum veiðum. Aðgerðirnar ná þannig yfir feril/rekjanleika sjávarfangs í gegnum vinnslu, dreifingu og markaðssetningu þess og einnig réttan feril þeirra skjala og eftirlits varðandi það magn sjávarfangs sem um ræðir.³

1.0 Almennar reglur um rekjanleika á uppruna

1.1 Fyrirtækið skal hafa skrásetta stefnu um að farið sé að kröfum staðalsins um rekjanleika. Hún skal vera:

- undirrituð af þeim aðila sem ber heildarábyrgð á staðnum;
 - aðgengileg öllu starfsfólki.
- 1.2 Aðeins sjávarafurðir sem eiga uppruna sinn í IRFM vottuðum veiðum mega bera IRFM-auðkenni vottunar.
- 1.3 Allar sjávarafurðir sem bera IFRM-vottunarmerki þurfa að vera auðkennanlegar og þar sem þörf er á skal geyma þær greinilega aðskildar frá afurðum úr veiðum sem ekki hafa hlotið vottun.
- 1.4 Fyrirtækið skal vera með rekjanleikakerfi sem hefur möguleika á að greina vottaðar sjávarafurðir og rekja þær afurðir til baka til hinna vottuðu veiða.
- 1.5 Vottaðar sjávarafurðir skulu merktar, eða auðkenndar á annan hátt sem tryggir að þær séu rekjanlegar frá móttöku, við framleiðslu, pökkun, geymslu, við dreifingu og afhendingu til kaupenda.
- 1.6 Fyrirtækið skal fara að í samræmi við viðeigandi reglur innanlands eða innan ríkjasambands, og/eða innan héraðs/ríkis um merkingu og rekjanleika.
- 1.7 Umsækjandinn skal hafa til reiðu kerfi til að tryggja að sjávarafurðir með opinbera vottunarmerkingu blandist ekki í söluferlinu saman við sjávarafurðir sem ekki hafa hlotið vottun í flutningum til og frá staðarins og í geymslu hjá þriðja aðila, ef það á við.
- 1.8 Ef fyrirtækið notar þjónustu undirverktaka (sem sinnir vinnslu, pökkun eða merkingu) skal undirverktakinn vottaður í samræmi við IRFM-staðalinn um rekjanleika.

³FAO 2005/2009 Guidelines for the Ecolabelling of Fish and Fishery Products from Marine Capture Fisheries.

- 1.9 Ef fyrirtækið notar sér þjónustu þriðju aðila skal vera til staðar samningur eða jafngild, skjalfest staðfesting sem sýnir fram á að meðan vara er í geymslu, dreifingu eða flutningi sé hún rekjanleg og ekki hægt að eiga við hana.

2.0 *Rekjanleiki innan aðfangakeðjunnar*

- 2.1 Hægt þarf að vera að rekja hverja sendingu af sjávarafurðum til vottaðra veiða og þarf hún að vera með eftirfarandi upplýsingar að lágmarki:

- Nafn tegundar;
- Veiðisvæði.

- 2.2 Halda skal vottuðum sjávarafurðum aðskildum frá sjávarafurðum sem ekki hafa hlotið vottun á öllum stigum svo sem móttöku, geymslu, vinnslu, pökkun, merkingu, sölu og afhendingu ef þær eiga að bera opinbert auðkenni vottunar. Þetta er hægt að gera með því að:

- Aðskilja í rými;
- Aðskilja í tíma.

- 2.3 Þar sem vottaðri og óvottaðri sjávarafurð er blandað saman er hin endanlega afurð ekki hæf til að bera IRFM-auðkenni vottunar með eftirfarandi undantekningu:

Samsettar afurðir, þar með taldar tilbúnar máltíðir geta innihaldið óvottaðar sjávarafurðir innan endanlegrar afurðar en þá skulu hinar óvottuðu afurðir vera 5% eða minna m.v. þyngd af heildarinnihaldi endanlegu afurðarinnar.

- 2.4 Umsækjandinn þarf að starfrækja kerfi sem gerir kleift að staðfesta skriflega að framleiðsla eða hluti framleiðslu sem fyrirtækið selur eigi uppruna sinn í vottuðum veiðum.

- 2.5 Allir umsækjendur þurfa að koma upp verkferlum í virðiskeðjanni til að taka á hvers konar frávikum í kerfinu um rekjanleika.

- 2.6 Umsækjandinn skal starfrækja kerfi fyrir innköllun á afurðum sem er sett í gang ef vottaðar sjávarafurðir blandast saman við óvottaðar. Tilkynna skal viðkomandi vottunaraðila innan 3 daga ef innkalla þarf vottaðar afurðir. Innköllunarkerfi afurða skal prófa árlega með skjalfestum niðurstöðum sem varðveittar eru til skoðunar.

3.0 Rekjanleiki og merki

- 3.1 Umsækjandi skal prófa virkni lotueftirlitsins og rekjanleikakerfisins með því að framkvæma vandlega skráða innri úttekt ekki sjaldnar en einu sinni á ári. Prófið skal fela í sér áskoranir sem tengjast rekjanleika (afturábak og áfram) og gæðaeftirlit/massajafnvægi.
- 3.2 Skrifleg staðfesting þarf að vera til staðar sem sannreynir að vottuð sjávarafurð eigi uppruna sinn í vottuðum veiðum.
- 3.3 Vottaðar sjávarafurðir skulu merktar eða auðkenndar á annan hátt sem tryggir að þær séu rekjanlegar við pökkun, geymslu, meðhöndlun og afhendingu.
- 3.4 Það þarf að vera hægt að rekja vottaða afurð og fylgja henni í aðfangakeðjunni eitt þrep fram og aftur til hinna vottuðu veiða.
- 3.5 Hver vottuð afurð skal vera merkt með nauðsynlegum upplýsingum sem eru viðeigandi fyrir stað fyrirtækisins í aðfangakeðjunni. Eftifarandi upplýsingar þurfa að koma fram:
 - Tegundarnafn fiskafurðar;
 - Upprunaland;
 - Veiðisvæði;
 - Lýsing afurðar;
 - Kóði afurðar eða framleiðslunúmer.
- 3.6 Hver framleiðslulota/framleiðslueining sem send er af vottuðum sjávarafurðum skal tilgreind sem IRFM-vottuð á umbúðum afurðarinnar eða á tengdum skjölum (t.d. sölureikningi, farmbréfi).
- 3.7 Umsækjandinn skal nota öruggt kerfi til að búa til, geyma og setja á IFRM auðkenni vottunar og skal hann tryggja að aðeins vottaðar sjávarafurðir hljóti slíka merkingu.
- 3.8 Halda skal skrá yfir allar vottaðar sjávarafurðir sem mótteknar eru þar sem kemur fram nafn birgis, sérstakt vottunarnúmer fyrir rekjanleika, staðfesting á að vottorðið sé gilt og nægar aðrar upplýsingar sem gera mögulegt að rekja þetta hráefni aftur til birgjanna og hinna vottuðu veiða .
- 3.9 Skrár yfir rekjanleika skal varðveita í skynsamlega langan tíma sem samsvarar geymsluþoli afurðarinnar en að lágmarki í þrjú ár. Skrár yfir rekjanleika skulu vera nákvæmar, læsilegar og upprunalegar.
- 3.10 Fyrirtækið skal vera með skrásett ferli til að meðhöndla ósamræmi við þennan staðal. Skrár yfir ósamræmi skulu innihalda:

- Greinilega skjalfestar og nákvæmar upplýsingar um ósamræmi;
 - Auðkenningu á aðilanum sem ber ábyrgð á að taka á ósamræmi;
 - Greinilega skjalfestar aðgerðir til úrbóta;
 - Skjalfestan tímaramma fyrir úrbæturnar;
 - Skjalfesta staðfestingu á aðgerðum til úrbóta sem gerðar hafa verið og ósamræminu eytt.
- 3.11 Aðgerðir til að taka á ósamræmi skulu innihalda skjalfestar leiðréttigar og aðgerðir til úrbóta innan ákveðinna tímamarka, venjulega innan 28 daga.
- 3.12 Fyrirtækið skal varðveita skjalfesta skrá yfir umkvartanir viðskiptavina eða ummæli varðandi merktar, vottaðar sjávarafurðir og gera viðeigandi ráðstafanir vegna slíkra umkvartana.
- 3.13 Fyrirtækið má eingöngu nota IRFM- auðkenni vottunar ef það er með gilda vottun á IRFM-staðlinum um rekjanleika.
- 3.14 Fyrirtækið má eingöngu nota IRFM-auðkenni vottunar ef það býr yfir skjalfestum sönnunargögnum sem sýna fram á að því hafi verið veitt leyfi til þess af eiganda staðalsins.

4.0 *þjálfun*

Fyrirtækið skal innleiða skjalfestar áætlanir um þörfina á þjálfun fyrir viðkomandi starfsfólk.

- 4.1 Skrár yfir alla þjálfun skulu vera tiltækar. Þær skulu innihalda að minnsta kosti:

- Nafn nemans og undirritaða staðfestingu á viðveru hans;
- Dagsetningu þjálfunarinnar;
- Heiti eða innihald námskeiðsins, eins og við á;
- Þjálfunaraðilann.

- 4.2 Fyrirtækið skal með reglubundnum hætti kanna hæfi starfsmanna sinna, að minnsta kosti árlega. Það skal veita nauðsynlega þjálfun eftir því sem við á. Þetta getur verið í formi þjálfunar, upprifjunarþjálfun eða markþjálfun, leiðbeiningar eða starfsreynslu.